



Einar K. Guðfinnsson
forseti Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2015

Efni: Vegna fréttu um skýrslu á ensku

Íslensk málnefnd telur það óhæfu að formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis skuli rita forsætisráðherra Íslands skýrslu á ensku. Samkvæmt 8. grein laga nr. 61 frá 7. júní 2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls er íslenska mál Alþingis, dómstóla og stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Störf Alþingis og Stjórnarráðsins skulu því fara fram á íslensku, þar með talin ritun skýrslu til notkunar innan þessara stofnana. Ritun umræddrar skýrslu á ensku fer augljóslega á svig við ákvæði þessara laga.

Fyrir hönd Íslenskrar málnefndar

Haraldur Bernharðsson,
varaformaður